

talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóm-inn, 10 kr. til hvors þeirra.

Að öðru leyti en ofan um getið hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Málskostnaður — að undan skildum varðhaldskostnaði ákærða — þar á meðal 4 kr. til talsmanns ákærða í hjeraði Páls Jónssonar og málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje. Hjeradsdómarinn, bæjarfógeti Klemens Jónsson, greiði í sekt til landssjóðs 50 kr., svo og kostnað þann, sem leitt hefur af varðhaldi ákærða, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa; sæti ella aðför að lögum.

Nr. 43/1894: Fjárhaldsmaður barna Páls Eggerz gegn dánarbúi Pjeturs Eggerz (skiptaráðandanum í Reykjavík o. fl.).

D ó m u r :

Þegar bú fyrverandi kaupmanns Pjeturs heit-

ins Eggerz, sem andaðist í Reykjavík veturinn 1892, var tekið til opinberrar skiptameðferðar af skiptarjettinum þar, gjörði landritari Hannes Hafstein skuldakröfu í dánarbúið fyrir hönd fjárhaldsmanns þriggja sonarbarna Pjeturs, barna Páls Eggerz, er ljezt í Chicago sumarið 1891, en þar hafa börnin dvalið síðan. Fjárhaldsmaður barnanna og umboðsmaður hans fyrir skiptarjettinum fóru því fram, að í búi Pjeturs stæði inni allmikið erfðafje nefndra barna eptir móður þeirra og móðurbróður, er Pjetur hefði tekið við sem skipaður fjárhaldsmaður þeirra, en eigi innt af hendi áður en hann ljezt, og kröfðust þeir aðallega í þessu skyni úr búinu 16070 kr. 4 a., en til vara 7572 kr. 2 a. Hinn 20. jan. f. á. úrskurðaði skiptarjetturinn, að börnum Páls Eggerz skyldi greiða úr búinu ýmsar upphæðir samtals 1119 kr. 89 a., en að öðru leyti voru nefndar fjárkröfur barnanna ekki teknar til greina. Þessum skiptarjettarúrskurði hefur landritari Hannes Hafstein í umboði fjárhaldsmanns barnanna í Chicago, St. Stephensens, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. sept. f. á., — eptir að málinu áður hafði verið vísað frá yfirdóminum — stefnt skiptaráðandanum og málspörtum þeim, sem mótmæltu kröfum áfrýjanda í skiptarjettinum, og gjört þær rjettarkröfur *principaliter*, að úrskurðinum verði breytt þannig, að búinu verði gjört að skyldu að greiða með forgangsrjetti sem ómyndugrafje 14141 kr. 93 a. til löglegra fjárráðenda barna Páls Eggerz, og *in subsidium*, að búinu verði á sama hátt gjört

að greiða 11981 kr. 93 a., eða í öllu falli 3472 kr. 2 a., en til þrautavara hefur hann krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer krefst hann þess, að hinir stefndu in solidum eða búíð verði dæmt til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu krafizt þess, að úrskurður skiptarjettarins verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að endurgjalda áfrýjunarkostnaðinn með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Atvik þessa skiptamáls eru að öðru leyti þessi, að skömmu eptir lát konu sinnar árið 1887 fór Páll Eggerz hjeðan af landi til Ameríku, en skildi hjer eptir börn sín, og var faðir hans, Pjetur heitinn Eggerz skipaður fjárhaldsmaður þeirra, en þau höfðu hlotið töluverðan arf eptir móður sína, og síðar hlotnaðist þeim arfur eptir móðurbróður þeirra. Árið 1890 kom Páll Eggerz aptur hingað til þess að sækja börn sín og ráðstafa eignum þeirra, að því er virðist, enda fór hann þá um haustið með börnin til Chicago, þar er hann andaðist sumarið eptir (1891); sendi þá Pjetur faðir hans mann gagngjört þangað til að sækja börnin, en það verður eigi sjeð, að ferð sú hafi hatt neinn árangur. Þegar Páll Eggerz var hjer sumarið 1890 fór hann þess á leit við yfirfjárráðandann í Kjósar- og Gullbringusýslu, — en undir hans stjórn voru fjármunir barnanna — að sjer væri fenginn arfur þeirra til umráða, og skaut yfirfjárráðandinn þessari málaleitun til úrskurðar amtsins. Skriflegur úrskurður amtsins hjer að lút-

andi hefur þó eigi fundizt, en yfirfjárráðandinn hefur gefið þá yfirlýsingu, að sig minni, að svar amtsins hafi verið á þá leið, að Páll Eggerz hefði fullt umboð eða fulla heimild til þess að ráðstafa eignum barnanna, enda fór fjárhaldsmaður þeirra, Pjetur Eggerz, þá að selja fasteignir þeirra hverja á fætur annari, og fjekk hann leyfi amtsins í hvert skipti til sölunnar. Andvirði fasteignanna afhenti Pjetur Eggerz sumt Páli syni sínum hjer á landi, sumt sendi hann honum til Chicago, og sumu ráðstafaði hann hjer eptir fyrirsögn Páls. — Áfrýjandinn hefur nú haldið því fram, og á því byggir hann aðalkröfu sína, að Pjetur Eggerz hafi ekki haft löglega heimild til að ráðstafa þannig andvirði hinna seldu eigna, o: afhenda það Páli syni sínum, en hefur á hinn bóginn eigi vefengt heimild hans til að selja fasteignirnar. Í því skyni hefur hann tekið það fram, að það sje alls eigi nægilega sannað, að hlutadeigandi amtmaður, sem dó áður en mál þetta hófst, hafi samþykkt, að fjeð væri afhent Páli Eggerz, enda geti slík ráðstöfun eigi álitizt samkvæm löggjöfinni um meðferð á ómyndugrafje, sbr. tilsk 18. febr. 1847, en í leyfum þeim, er amtmaður hefur gefið til að selja fasteignirnar, sje það stöðugt berlega tekið fram, að með andvirðið skuli fara sem með ómyndugrafje. — Eptir öllu því, sem fram er komið í málinu, verður þó að álíta það nægilega sannað, að amtmaðurinn hafi samþykkt að fjeð væri afhent Páli Eggerz; nægileg sönnun í þessu efni virðist vottorð sýslumannsins í Kjósar- og Gull-

bringusýslu vera um svar amtsins upp á fyrirspurn hans hjer að lútandi, þótt tjeð svar hafi að eins verið munnlegt; enn fremur brjef sama sýslumanns 1. okt. 1890, sem eptir leyfi amtsins ráðstafar 2000 kr. skuldabryjfi börnunum tilheyrandi til Páls Eggerz; það bendir og í sömu átt, að amtmaður um þessar mundir leyfir sölu á jörðum barnanna, hverri á fætur annari, sem væri lítt skiljanlegt, ef það hefði eigi verið tilætlunin, að andvirðið færi með börnunum til Ameríku. Þar sem það þá var ráðið, að börnin færu með föður sínum, hinum löglega forráðamanni þeirra, alfarin af landi burt til Ameríku, getur það eigi talizt óeðlilegt, að honum væri afhent fje þeirra, sjer í lagi þegar það er aðgætt, að yfirjárráðastjórn hjer eigi getur þekkt þau yfirvöld í Chicago, er hún hefði heimild til að senda slíkt fje. Ákvæðin í tilsk. 18. febr. 1847 sýnast eigi fyllilega geta átt hjer við, þegar um það er að ræða, að ómyndugir flytjast með löglegum forráðamönnum sínum í aðra heimsálfu. — Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að skiptarjetturinn hefur ekki tekið aðalkröfu áfrýjanda til greina; hið sama verður að gilda um hina fyrri varakröfu hans (um dóm fyrir 11981 kr. 93 a.), sem í raun og veru að eins er sjálf frumkrafan eða aðalkrafan, að frá dregnum 2160 kr., sem spurning er um, að Páll Eggerz hafi lát-ið eptir sig í Chicago, en um þessa upphæð er ekkert ákveðið í hinum áfrýjaða úrskurði.

Að því er hina síðari varakröfa áfrýjanda

snertir, að búinu verði gjört að greiða 3472 kr. 2 a., þá felast í þessari upphæð:

- a. Borgað af Pjetri sál. Eggerz hjer á landi fyrir Pál son sinn . . . . . kr. 1071 00
  - b. Borgað af sama upp í kostnað við sendiferð til Chicago til að sækja börnin . . . . . — 1206 96
  - c. Ýmisleg útgjöld, sem áfrýjandi telur ólöglega greidd af fjármunum barnanna hjer á landi . . — 384 45
  - d. Upphæð, sem eigi er sannað um, að hafi verið send Páli Eggerz — 265 85
  - e. Upphæðir, sem allir hlutaðeigendur hafa samþykkt að greiða úr búinu til barnanna . . . . . — 543 76
- samtals kr. 3472 02

Um hina síðastnefndu 2 gjaldliði, samtals. . . . . kr. 809 61 er enginn ágreiningur milli málspartanna, nje heldur um þær . — 310 28 sem úrskurðaðar hafa verið af upphæðinni sub stafl. c.

samtals kr. 1119 89

og er þetta upphæð sú, sem skiptarjettarúrskurðurinn hljóðar um. Þar á móti er ágreiningur um upphæðirnar undir stafl. a og b, og um 74 kr. 17 a. af upphæðinni undir stafl. c, og er það kostnaður við sendingu peninga til Ameríku. — Yfir-dómurinn verður þó að komast að þeirri niðurstöðu, að úrskurður skiptarjettarins um upphæðir þessar sje á rjettum rökum byggður. Úr því að

Pjetur Eggerz eptir hinu framanritaða vítalaust gat afhent Páli syni sínum fje barna hans samkvæmt þeirri heimild, er amtmaður álizt hafa veitt honum til þess, hlaut honum og að vera heimilt að út borga þær 1071 kr., sem standa undir staflið a, eptir tilvísun Páls; það er sem sje ekki ástæða til að vefengja það, að þessar greiðslur hafi fram farið eptir ráðstöfun Páls sjálfs, svo sem þær væru gjörðar til hans, enda hefur hann sjálfur gefið viðurkenningu fyrir meiri hluta upphæðarinnar. — Að því er snertir kostnað við sendiferð til Chicago (stafl. b), 1206 kr. 96 a., er það sannað, að hlutaðeigandi amtmaður hefur samþykkt þessa sendiför, svo og 1000 kr. lántöku »handa börnunum«, eins og það berlega er orðað í vedsetningarskjalinu, en lán þetta virðist eingöngu hafa verið tekið til að standast kostnaðinn við áminnzta sendiför eptir börnunum. Það verður því að fallast á það, að úrskurðurinn hefur neitað að endurgjalda börnum Páls Eggerz þennan kostnað af búinu. Hin síðast talda upphæðin 74 kr. 17 a. (ekki 73 kr. 27 a.) verður eigi heldur talin ranglega greidd af fje barnanna, þegar það er viðurkennt, að heimilt hafi verið að senda arfa þeirra vestur um haf til föður þeirra, og þó að eigi hafi fengizt kvittun fyrir þessari upphæð, sem eigi var við að búast, þar sem um póstburðargjald er að ræða, þá verður hún eigi vefengd, sjerstaklega þegar þess er gætt, að sannað er, að töluvert fje börnunum tilheyrandi hafi verið sent til Chicago eptir ráðstöfun Pjeturs Eggerz.

Samkvæmt hinu framanritaða verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð í heild sinni. Eptir málavöxtum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Skiptarjettarúrskurðurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 41/1894:

Bóksalafjelagið í Reykjavík  
gegn  
Jóni sýslumanni Johnsen.

#### D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað til yfirdómsins fógeta-  
rjettarúrskurði Suður Múlasýslu, upp kveðnum 21.  
júni 1893 og fjárnámsgjörð framkvæmdri sama  
dag. Áfrýjunarstefnan er út tekin 19. sept. f. á.  
og í henni skírskotað til kgl. leyfisbrjefs til upp-  
reisnar, útgefins 23. maí næst á undan, en leyfis-  
brjef þetta var orðið of gamalt, er stefnan var  
gefin út, til þess að það gæti verið heimild fyrir  
áfrýjun málsins, eptir að hinn reglulegi áfrýjunar-  
frestur var liðinn (sbr. op. br. 2. júni 1819, 2. gr.),  
og er þó eigi í stefnunni vitnað til neinnar nýrr-  
ar heimildar fyrir áfrýjuninni. Hinn stefndi hefur  
hvorki mætt nje látið mæta af sinni hendi fyrir  
yfirdóminum. Sökum ofan umgetins galla á stefn-  
unni verður að visa málinu ex officio frá yfir-  
dóminum.